

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2000 vera 504.000,- kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskardóttir.

Nr. 39

17. janúar 2000

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/2000 um einstaklinga án tekna af eigin rekstri, framtalsfrestir 2000.

Ríkisskattstjóri hefur með heimild í 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ákveðið að frestir skv. 1. mgr. 93. gr. þeirra laga til að skila framtölum gjaldárið 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs, verði sem hér greinir:

1. Framtalsskyldir menn, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en mánudaginn 28. febrúar 2000, sbr. þó 2. tölul. hér á eftir. Skattstjóra er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til föstudagsins 10. mars 2000.
2. Framtalsskyldir menn, sbr. 1. tölul., sem skila framtali með rafrænum hætti, skulu hafa skilað slíku framtali eigi síðar en föstudaginn 31. mars 2000.

Reykjavík, 17. janúar 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 40

21. janúar 2000

AUGLÝSING

um skrá Sunnuhlíðar, hjúkrunarheimilis aldraðra í Kópavogi, skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá starfsmenn sem falla undir 4.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri	1,0 staða
Starfsmaður launadeildar	1,0 staða
Skrifstofustjóri	1,0 staða
Matreiðslumaður	1,0 staða
Húsvörður	0,7 stöður
Forstöðukona dagdvalar	1,0 staða
Leiðbeinandi í dagdvöl	1,0 staða